

**Sp.**

**289. Breytingartillögur**

**[117. mál]**

við till. til þál. um að leysa flugsamgöngur innanhéraðs á Vestfjarðasvæðinu með þyrilvængju.

Frá Einari Sigurðssyni.

1. Við tillgr.
  - a. Á eftir orðinu „Vestfjörðum“ komi: og Austfjörðum.
  - b. Fyrir orðin „og póstflutninga um Vestfjarðasvæðið“ komi: póstflutninga og sjúkraflutninga um Vestfjarðasvæðið og Austurland.
  - c. Fyrir orðið „farþegar“ komi: sjúklingar, farþegar.
  - d. Á eftir orðunum „fljótast um Vestfjarðasvæðið“ komi: og Austurland.
2. Við fyrirsögn. Fyrir orðið „Vestfjarðasvæðinu“ komi: á Vestfjörðum og Austurlandi.